

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 546/2006

2011/EES/68/18

frá 31. mars 2006

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömunar ⁽¹⁾, einkum ii-lið b-liðar 1. þáttar A-kafla í VIII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um samþykki fyrir innanlandsáætlunum aðildarríkjanna um varnir gegn riðuveiki ef þær eru í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er einnig kveðið á um skilgreiningar á viðbótarábyrgðum sem kunna að vera nauðsynlegar vegna viðskipta innan Bandalagsins og innflutnings í samræmi við þá reglugerð.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB frá 13. febrúar 2003 um lágmarkskröfur fyrir kynbótaáætlanir með tilliti til þols gegn smitandi heilahrömun í sauðfé ⁽²⁾ er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli innleiða kynbótaáætlun í því skyni að velja úr tilteknum sauðfjárstofnum með tilliti til þols gegn smitandi heilahrömun. Í þeirri ákvörðun er einnig kveðið á um möguleika aðildarríkis til að víkja frá kröfunni um að koma á fót kynbótaáætlun á grundvelli innanlandsáætlunar sinnar um varnir gegn riðuveiki, sem hefur verið lögð fram og samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001, þar sem kveðið er á um stöðuga, virka vöktun á sjálfdaudu sauðfé og geitum á býli í öllum hjörðum innan viðkomandi aðildarríkis.
- 3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2003 frá 24. október 2003 um að samþykkja innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki í tilteknum aðildarríkjum, um ákvörðun á frekari tryggingum og um

að veita undanþágur varðandi áætlanir um kynbætur sem miða að því að mynda þol gegn smitandi heilahrömun í sauðfé samkvæmt ákvörðun 2003/100/EB ⁽³⁾ voru innanlandsáætlanir Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar um varnir gegn riðuveiki samþykktar.

- 4) Hinn 18. nóvember 2005 lagði Austurríki innanlandsáætlun um varnir gegn riðuveiki fyrir framkvæmdastjórnina. Hinn 5. janúar 2006 voru tilteknar breytingar á þeirri áætlun lagðar fyrir framkvæmdastjórnina. Sú áætlun, með áorðnum breytingum, uppfyllir tilskildar viðmiðanir sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 999/2001. Auk þess er líklegt að riðuveiki finnst ekki í Austurríki eða að algengi hennar sé lágt.
- 5) Á grundvelli þessarar innanlandsáætlunar um varnir gegn riðuveiki skal veita Austurríki undanþágu frá kynbótaáætluninni sem kveðið er á um í ákvörðun 2003/100/EB. Enn fremur skal í þessari reglugerð mæla fyrir um viðbótarábyrgðirnar sem krafist er í A-kafla VIII. viðauka og E-kafla IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 6) Í reglugerð (EB) nr. 1874/2003 er kveðið á um tilteknar viðbótarábyrgðir fyrir Danmörku, Finnland og Svíþjóð að því er varðar bújarðir. Þessum viðskiptaábyrgðum til viðbótar skal þó breyta svo auka megí dreifræði í þessum aðildarríkjum og einnig í Austurríki, að teknu tilliti til mismunandi faraldsfræðilegra aðstæðna og viðskiptaáðstæðna og ólíkra riðuveikistofna í þessum fjórum aðildarríkjum.
- 7) Til hagræðingar og til að tryggja gagnsæi í löggjöf Bandalagsins er því rétt að reglugerð (EB) nr. 1874/2003 verði felld úr gildi og í stað hennar komi þessi reglugerð.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 339/2006 (Stjtið. ESB L 55, 25.2.2006, bls. 5).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 12. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1472/2004 (Stjtið. ESB L 271, 19.8.2004, bls. 26).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Samþykkt innanlandsáætlana um varnir gegn riðuveiki

Innanlandsáætlarnir um varnir gegn riðuveiki, sem um getur í b-lið I. liðar A kafla í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hjá þeim aðildarríkjum sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa reglugerð eru hér með samþykktar.

2. gr.

Viðbótarábyrgðir sem varða bújarðir

1. Sauðfé og geitum, sem á að senda til aðildarríkjanna sem eru tilgreind í viðaukanum og koma frá öðrum aðildarríkjum sem eru ekki tiltekin í viðaukanum eða frá þriðju löndum, skal hafa verið haldið samfelld frá fæðingu á bújörðum sem hafa fullnægt eftirtöldum kröfum í a.m.k. sjö ár fyrir sendingardag dýranna:

- a) engin riðuveikilivik hafa verið staðfest,
 - b) engum niðurskurðarráðstöfunum hefur verið beitt vegna riðu,
 - c) á bújörðunum hafa ekki verið dýr sem staðfest hefur verið að valdi smíthættu sem um getur í b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001.
2. Sauðfé og geitum, sem á að senda til aðildarríkjanna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð og koma frá öðrum aðildarríkjum sem eru tilgreind í þeim viðauka, skal hafa verið haldið á bújörðum þar sem sauðfé og geitur hafa ekki sætt opinberum takmörkunum á flutningi vegna smítandi heilahrönnunar í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 í a.m.k. sjö ár fyrir sendingardag dýranna.

3. Sæði, fósturvísar og egg úr sauðfé og geitum sem senda á til aðildarríkja sem eru tilgreind í viðaukanum skulu koma frá gjöfum sem hefur verið haldið samfelld frá fæðingu á bújörðum sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í:

- a) 1. mgr. ef þau koma frá öðrum aðildarríkjum, sem ekki eru tilgreind í viðaukanum, eða frá þriðju löndum eða:
- b) 2. mgr. ef þau koma frá öðrum aðildarríkjum sem eru tilgreind í viðaukanum.

Opinberar takmarkanir á flutningi

1. Þær opinberu takmarkanir á flutningi sem aðildarríkin hafa lagt fram og eru tilgreindar í viðaukanum eru hér með samþykktar. Þær skulu gilda um bújarðir sem taka við sauðfé eða geitum, eða sæði, fósturvísnum og eggjum úr sauðfé eða geitum ef:

- a) dýrin, sæðið, fósturvísarnir og eggin koma frá öðrum aðildarríkjum sem ekki eru tilgreind í viðaukanum eða frá þriðju löndum og
 - b) riðuveiki hefur verið staðfest á síðustu þremur árum fyrir sendingardag dýranna, sæðisins, fósturvísanna og eggjanna í aðildarríkinu eða þriðja landinu sem sendir afurðirnar, sem um getur í a-lið, eða eftir það.
2. Þær opinberu takmarkanir á flutningi sem kveðið er á um í 1. mgr. gilda ekki þegar um er að ræða móttöku á sauðfé með prionprótínarfgerðina ARR/ARR eða á sæði, fósturvísnum og eggjum úr gjafa með prionprótínarfgerðina ARR/ARR.

4. gr.

Undanþágur frá kröfunni um að koma á fót kynbótaáætlun

Samkvæmt fyrsta undirlið 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2003/100/EB er þeim aðildarríkjum sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð hér með veitt undanþága frá þeirri kröfu að koma á fót kynbótaáætlun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. þeirrar ákvörðunar.

5. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1874/2003 er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Aðildarríki sem um getur í 1.- 4. gr.

Danmörk
Austurríki
Finland
Svíþjóð
